

## Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenskukennslan er heildstæð og unnið eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi og sambætt við aðrar námsgreinar aðallega náttúru- og samfélagsgreinar. Byrjendalæsi felur í sér nálgun með gæðatexta sem nær til allra þátta móðurmálsins þannig að tal, hlustun og ritun er felld saman í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Skipulagið gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingþörfum er mætt.

Hjá nemendum 1. bekkjar eru stafir lagðir inn jafnt og þétt yfir veturinn. Unnin eru fjölbreytt verkefni um stafina og lestur kemur í kjölfarið. Kenndir og æfðir réttir stafdrættir.

Nemendur í 2. - 4. bekk þurfa að ná góðu valdi á lestri, upphátt og í hljóði. Farið er yfir stafagerð og æfð tengd skrift. Markmiðið er að nemendur skrifi læsilega og sem réttast. Kröfur um rétta stafsetningu aukast jafnt og þétt. Kynnt eru grunnhugtök í málfræði og unnin verkefni þeim tengd.

## Námsgögn

Unnið með ýmsa gæðatexta úr barnabókum, ýmsar léttlestrarbækur, lestrarbækur og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans. Fróðleikstextar í náttúru- og samfélagsgreinum. Skrift Gunnlaugs Briem, spil, vinnubækur og verkefni við hæfi hvers nemanda. Ljóð og vísur.

## Námsmat

Fylgst er reglulega með framförum í lestri. Símat á verkefnum, skrift og réttiritun. Umsagnir á annarskilum sem byggja á framförum, vinnubrögðum, áhuga og virkni nemanda.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 1.- 4. Bekkur
Talað mál, hlustun og áhorf	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði</li> <li>- þjálfist í að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi</li> <li>- þjálfist í að segja frá eftirminnilegum atburði og lýsa ákveðnu fyrirbæri</li> <li>- þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið</li> <li>- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni</li> <li>- geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi</li> <li>- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</li> </ul>

lestur og bókmenntir	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</li> <li>- geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi</li> <li>- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess</li> <li>- velji lesefni eftir áhuga og þörf og lesi sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrarargetu, sér til ánægju og skilnings</li> <li>- lesi ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum</li> <li>- geti beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap</li> <li>- þekki algeng hugtök í bragfræði svo sem rím, kvæði, vísa og ljóðlína</li> <li>- geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi</li> <li>- geti lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum</li> </ul>
Ritun	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- dragi rétt til stafs og skrifi skýrt og læsilega</li> <li>- geti nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag</li> <li>- geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð</li> <li>- geti beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</li> <li>- geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis</li> <li>- geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu</li> <li>- geti skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda</li> </ul>
Málfræði	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska</li> <li>- geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein</li> <li>- geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag</li> <li>- geti gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða</li> <li>- geti leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu</li> <li>- geti búið til málsgreinar og ráði við að greina málsgreinar í eigin texta</li> <li>- geti greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta</li> <li>- geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki</li> <li>- geri sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði</li> </ul>

Kennsluaðferðir og skipulag

Grunnatriði eru lögð inn hjá hverjum hópi. Nemendur vinna mikið sjálfstætt og á þeim hraða sem hver og einn ræður við. Fjölmörg verkefni eru unnin í hópum eða samvinnu.

Námsgögn

Til grundvallar eru bókaflokkarnir *Sproti (nemendabækur og æfingahefti)* og *Í undirdjúpunum*. Að auki ýmislegt efni sem valið er með tilliti til þarfa hvers nemanda og stöðu hans.

**Námsmat** Símat á verkefnum og vinnu í Sprotabókunum. Umsagnir á annarskilum sem byggja á framförum, vinnubrögðum, áhuga og virkni nemanda.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið			
	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4. bekkur
<p><b>Tölur og reikningur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tölur, talning, talnarunur og talnaleyki</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki tölustafina og talnaröðina frá 0-20 (afturábak og áfram)</li> <li>- geti talið á tugum frá 0-100</li> <li>- geti fundið nágrannatölur</li> <li>- þekki og geti talið áfram upp í 50</li> <li>- þekki hugtökin &lt; &gt; =</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki tölustafina og talnaröðina frá 0-100 (afturábak og áfram)</li> <li>- þekki sætiskerfið og hugtökin eining, tugur, hundrað</li> <li>-geti talið frá mismunandi upphafi, telji á bili</li> <li>- geti fundið nágrannatölur</li> <li>- þekki hugtökin &lt; &gt; =</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki tölustafina og talnaröðina frá 0-1000</li> <li>- geti talið á mismunandi bili (2,3,4,5)</li> <li>- þekki sætiskerfið og hugtökin eining, tugur, hundrað, þúsund</li> <li>- lesi háar tölur</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki tölur frá 0-10.000</li> <li>- geti talið á mismunandi bili (2,3,4,56,7,8,9,10 )</li> <li>- þekki neikvæðar tölur</li> <li>-þekki víxlreglu og dreifireglu</li> <li>-kynnist sambandi alm. brota og tugabr.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Samlagning og frádráttur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki hugtökin + og –</li> <li>- þekki hugtökin tugur og eining</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki samband samlagningar og frádráttar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- þekki samband samlagningar og frádráttar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- geti beitt mismunandi aðferðum við samlagningu og frádrátt</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Margföldun og deiling</li> <li>• Almenn brot og tugabrot</li> </ul>	<p>- geti lagt saman tölur upp í 20</p> <p>- þekki og geti beitt víxlreglunni í samlagningu</p> <p>- þekki hugtökin að gera e-ð tvisvar sinnum eða þrisvar sinnum</p> <p>- þjálfist í að skipta jafnt á milli</p> <p>- þekki hugtökin hálfur og helmingur</p>	<p>- geti beitt mismunandi aðferðum við samlagningu og frádrátt</p> <p>- læri að helminga og tvöfalda</p> <p>- kynnist margföldun sem endurtekinni samlagningu</p> <p>- skoði talnamynstur í margföldun</p> <p>- læri að skipta á milli og kannist við að stundum er afgangur</p> <p>- þekki hugtökin hálfur og helmingur</p>	<p>- geti beitt mismunandi aðferðum við samlagningu og frádrátt</p> <p>- læri að taka til láns og geyma</p> <p>- skoði talnamynstur í margföldun</p> <p>- læri nokkrar margföldunartöflur</p> <p>- kynnist deilingu með skiptingu</p> <p>- kynnist almennum brotum með myndrænni tengingu</p> <p>- þekki <math>\frac{1}{2}</math>, <math>\frac{1}{3}</math>, <math>\frac{1}{4}</math>, <math>\frac{1}{5}</math></p>	<p>- kunni að taka til láns og geyma</p> <p>- skoði talnamynstur í 100 töflunni</p> <p>- læri margföldunar-töflurnar 0-10</p> <p>- þekki tengsl margföldunar og deilingar.</p> <p>- geti margfaldað tveggja stafa tölur</p> <p>- geti borið saman stærð alm. brota</p> <p>- geti lagt saman alm. brot og dregið frá</p> <p>- þekki tíunduhluta og hundraðshluta í tugabrotum</p>
<p><b>Algebra</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mynstur</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <p>- þekki mynstur og reglubundna röð sem endurtekur sig</p>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <p>- þekki mynstur og reglubundna röð sem endurtekur sig</p>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <p>- geti lýst mynstri forma og talna</p>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <p>- geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum</p>

<ul style="list-style-type: none"> <li>Jöfnur og svigar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfist í að finna týndan þátt í samlagningu og frádrætti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfist í að finna týndan þátt í samlagningu og frádrætti</li> <li>Læri um mikilvægi jafnaðarmerkis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kynnist einföldum jöfnum</li> <li>þekki mikilvægi jafnaðarmerkis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>geti leyst einfaldar jöfnur</li> </ul>
<b>Rúmfræði og mælingar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tími</li> <li>Mælingar, flatarmál, ummál og rúmmál</li> <li>Form og speglun</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekki hugtökin ár, mánuðir, vika</li> <li>þekki heilan og hálfan tíma á klukku</li> </ul> <p>- vinni með óstaðlaðar mælieiningar og þekki hugtökin sentimetri og metri</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekki tvívíð form</li> <li>þekki nokkur algeng þrívíð form s.s. kúlu, sívalning, ferstrending</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekki árstíðir, mánaðarheiti og vikudaga</li> <li>þekki heilan og hálfan tíma á klukku</li> </ul> <p>- vinni með staðlaðar mælieiningar, sentimetra og metra</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>mæli fleti með óstöðluðum mælieiningum og með því að telja reiti</li> <li>þekki nokkur algeng þrívíð form s.s. kúlu, sívalning, ferstrending og píramída</li> <li>geti speglað einfalda mynd um speglunarás</li> <li>finni samhverfu í myndum</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>lesi tímasetningar á hefðbundinni klukku og stafrænni</li> <li>lesi tímasetningar með heilum og hálfum tíma og með stundarfjórðungum</li> <li>þekki mínútur sem mælieiningar á tíma</li> </ul> <p>- vinni með staðlaðar mælieiningar, lengd og þyngd</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>geti breytt sentimetrum í metra og öfugt</li> <li>þekki algeng tvívíð og þrívíð form og heiti þeirra</li> <li>þekki hugtökin rétt, hvöss og gleið horn, samsíða strik, hliðarbrún og flötur</li> </ul>	<p><i>Að nemendur...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>geti mælt tíma og gert einfalda útreikninga með tíma</li> </ul> <p>- vinni með staðlaðar mælieiningar, lengd og þyngd og rúmmál km, m, cm, kg, g, l, og dl</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>geti breytt milli mælieingina</li> <li>þekki algeng tvívíð og þrívíð form og heiti þeirra</li> <li>þekki hugtökin rétt, hvöss og gleið horn, samsíða strik, hliðarbrún og flötur</li> </ul>

			- þjálfist í speglun, hliðrun og snúningi einfaldrar forma	- þjálfist í speglun, hliðrun og snúningi einfaldrar forma
<b>Tölfræði og líkindi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Myndrit</li> <li>• Flokkun, líkindi</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist í að skrá í og lesa úr súluritum  - þjálfist í að safna og flokka eftir eiginleikum	<i>Að nemendur...</i> - skrái og lesi úr tíðnitöflum - geri einfaldrar kannanir  - safni og flokki eftir mismunandi eiginleikum	<i>Að nemendur...</i> - geti skráð og lesið úr tíðnitöflum - geti gert einfaldrar kannanir og birt niðurstöður í myndriti - spái fyrir um tíðni og geri athuganir í kjölfarið	<i>Að nemendur...</i> - geti skráð og lesið úr tíðnitöflum - geti gert einfaldrar kannanir og birt niðurstöður í myndriti - spái fyrir um tíðni og geri athuganir í kjölfarið
<b>Spyrja og svara með stærðfræði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samræður og samvinna</li> <li>• Þrautalausnir</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist að útskýra lausnaleyðir  - þjálfist í að leysa orðadæmi og opnar þrautir	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist að útskýra lausnaleyðir - vinni í þörum og hópum  - þjálfist í að leysa orðadæmi og opnar þrautir	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist að útskýra lausnaleyðir - vinni í þörum og hópum  - þjálfist í að leysa orðadæmi og opnar þrautir	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist að útskýra lausnaleyðir - vinni í þörum og hópum  - þjálfist í að leysa orðadæmi og opnar þrautir
<b>Tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugtök, tæki og tól</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> -læri að nota kubba, form, spil, reglustiku, málband, klukku og vog - þekki mynt og verðgildi (0-100 kr)	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist í notkun stærðfræðihugtaka - noti fjölbreytt hjálpargögn s.s. kubba, mælitæki, form, spil, reglustiku, málband,	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist í notkun stærðfræðihugtaka - noti fjölbreytt hjálpargögn s.s. kubba, mælitæki, form, spil, reglustiku, málband,	<i>Að nemendur...</i> - þjálfist í notkun stærðfræðihugtaka - noti markvisst fjölbreytt hjálpargögn s.s. kubba, mælitæki, form, spil, reglustiku, málband,

		vog, klukku, dagatal og kennslupeninga	vog, klukku, dagatal og kennslupeninga	vog, lítramál og desilítramál, gráðuboga, skirkil, klukku, dagatal og kennslupeninga
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar <ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölbreyttar lausnaleiðir</li> <li>Lesi úr daglegu umhverfi</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfist í hugarreikningi</li> <li>- þjálfist í notkun á talnalínu</li> <li>- þjálfist í að tengja viðfangsefni daglegu lífi.</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- noti mismunandi leiðir við útreikninga</li> <li>- noti hugarreikning, talnalínu,</li> <li>- læri að hagræða tölum, vegasalt, lyftan</li> <li>- vinni með stærðfræði tengda raunverulegum aðstæðum í eigin lífi</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- noti mismunandi leiðir við útreikninga</li> <li>- noti hugarreikning, óútfyllta talnalínu</li> <li>- læri að hagræða tölum, vegasalt, lyftan</li> <li>- vinni með stærðfræði tengda raunverulegum aðstæðum og daglegu lífi</li> </ul>	<i>Að nemendur...</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- noti mismunandi leiðir við útreikninga</li> <li>- noti hugarreikning, óútfyllta talnalínu</li> <li>- læri að hagræða tölum, vegasalt, lyftan</li> <li>- vinni með stærðfræði tengda raunverulegum aðstæðum og daglegu lífi</li> </ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

- Náttúrugreinar: náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

- Samfélagsgreinar: samfélagsfræði, saga, landafræði, trúarbragðafræði og lífsleikni.

Þessar námsgreinar eru samþættar við íslensku að miklu leiti. Kennslan er mikið byggð á samvinnu nemenda, leikjum og lestri. Unnið er með ákveðið þema hverju sinni sem tengjast t.d. árstíðum og tímatali.

Í vetur höldum við áfram með innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæður agi (JA) og því er mikil áhersla á lífsleikni og verkefni sem JA kallar á.

## Námstögn

Ýmsar bækur m.a. bókaflokkurinn *Komdu og skoðaðu. Trúarbrögðin okkar*. Handbækur, sögubækur, fræðibækur og fjölbreytt ýtarefni.

Verkfæri og æfingar byggðar á JA.

**Námsmat:** Umsögn við lok annar, sem byggir á virkni, áhuga og vinnubrögðum nemenda.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Lífsleikni	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýni tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li>• taki þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,</li> <li>• átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og beri virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,</li> <li>• hlusti á og greini að, ólíkar skoðanir</li> <li>• sýni tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</li> </ul>
Náttúrufræði	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• láti sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.</li> <li>• geti notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.</li> <li>• geti sagt frá og framkvæmt með hversdaglegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.</li> <li>• taki þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.</li> <li>• afli sér upplýsinga er varða náttúruna.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• noti ólíkar heimildir við öflum upplýsinga.</li> <li>• fylgst með og skrái upplýsingar um veður í heimabyggð.</li> <li>• geti lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum.</li> </ul>
Samfélagsfræði	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,</li> <li>• geti aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum</li> <li>• átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,</li> <li>• geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu</li> <li>• geti sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,</li> </ul>
Trúarbragðafræði	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• átti sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum</li> <li>• geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúar bragða, einkum í nærsamfélaginu,</li> <li>• átti sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,</li> <li>• átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna</li> </ul>

### Kennsluaðferðir og skipulag

Kennslan einkennist af söngvum, leikjum og öðrum verkefnum. Unnið er með fjölmörg og fjölbreytileg verkefni sem tengjast hlustun, skilningi, samskiptum og frásögn. Nemendur vinna sjálfstætt, í þörum eða litlum hópum. Unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.

### Námsgögn

1.-2. bekkur: Unnið er með bókina *Right on!* Ein kennslustund á viku á vorönn.

3. – 4. bekkur: Bókaflokkurinn *Portfolio- Speak out, Work out*, léttlestrarbækur og ýmis verkefni er taka mið af þörfum og stöðu nemenda. Ein kennslustund á viku.

Námsmat - Umsagnir á annarskilum sem byggja á áhuga, virkni, framförum og vinnubrögðum nemanda.

Viðfangsefni	Hæfnimarkmið við lok 4. bekkjar
<b>Hlustun</b>	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>Skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi</li> <li>geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum t.d. með stuðningi mynda</li> </ul>
<b>Skilningur</b>	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>lesið og skilið megininntak í stuttum texta með grunnorðaforða daglegs lífs</li> <li>lesið sér til gagns og gamans stuttar og einfaldar bækur/fræðsluefni og rætt efni þeirra með stuðningi kennara og samnemenda</li> </ul>
<b>Samskipti</b>	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>haldið uppi einföldum samræðum við samnemendur sína</li> <li>spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</li> <li>tekið þátt í einföldum leikjum sem krefjast samskipta og samtalsæfingar</li> </ul>
<b>Frásögn</b>	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt</li> <li>lýst atburðum á einfaldan hátt hvort sem það er með stuðningi mynda, hluta eða tónlistar</li> <li>sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa</li> </ul>
<b>Ritun</b>	Að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta , tengt saman setningar og stafsett flest algengustu orðin

## Námsgrein: Tónlist

Bekkur: 1.-2.

### Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar eru 40 mín. á viku í tónmennt en einnig er hópurn einu sinni í viku í kór ásamt 3. og 4. bekk. Í tónmenntinni er hver kennslustund að jafnaði tvískipt þar sem helmingur hópsins er í marimbakennslu á meðan hinn helmingurinn er í hefðbundinni tónmennt. Þegar tíminn er hálfnaður er skipt á hópum.

### Námsmat

Í tónlist er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.

Viðfangsefni	Markmið og kennsla
Marimba/Djembé	Nemendur Kynnist afrískri tónlistarmenningu og þjálfist í leik á Marimba og djembé.
Tónmennt	Í kennslustundum verður mikið sungið af fjölbreyttum lögum. Unnið verður með taktskyn, m.a. með leik á einföld skólahljóðfæri og samhliða unnið með tónlistarhugtök s.s. nótnaheiti, tónstiga, blæbrigði og fleira. Einnig verður skyggst inn í tónlistarsögu liðinna alda og þekkt tónskáld kynnt til sögunnar en jafnframt verður sköpunargáfa nemenda sjálfra virkjuð í tónsmíðum. Nemendur fá þjálfun í að hlusta á og hreyfa sig eftir tónlist.

## Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar eru 40 mín. á viku í tónmennt en einnig er hópurinn einu sinni í viku í kór ásamt 1. - 3. bekk. Í tónmenntinni er hver kennslustund að jafnaði tvískipt þar sem helmingur hópsins er í marimbakennslu á meðan hinn helmingurinn er í hefðbundinni tónmennt. Þegar tíminn er hálfnaður er skipt á hópum.

## Námsmat

Í tónlist er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.

Viðfangsefni	Markmið og kennsla
Marimba/Djembé	Nemendur Kynnist afrískri tónlistarmenningu og þjálfist í leik á Marimba og djembé.
Tónmennt	Í kennslustundum verður mikið sungið af fjölbreyttum lögum. Unnið verður með taktskyn, m.a. með leik á einföld skólahljóðfæri og samhliða unnið með tónlistarhugtök s.s. nótnaheiti og tónstiga, blæbrigði og fleira. Einnig verður skyggst inn í tónlistarsögu liðinna alda og þekkt tónskáld kynnt til sögunnar en jafnframt verður sköpunargáfa nemenda sjálfra virkjuð í tónsmíðum. Nemendur fá þjálfun í að hlusta á og hreyfa sig eftir tónlist.

## Kennsluaðferðir og skipulag

Markviss hreyfipjálfun sem felst í að efla líkamlega þætti eins og þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk og jafnvægi til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag, liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfivíddar í liðamótum.

Grunnþjálfun sem þessi felst í fjölbreyttum leikjum með og án bolta. Vinna sem einstaklingar, pör og hópur. Stöðvapjálfun og hópavinna einnig algengt kennsluform.

## Námsefni

Útiþróttir: Boltaleikir, ýmsir hlaupaleikir og alsskonar þrautaleikir með eða án bolta.

Inniþróttir: Áhöld sem þarf fyrir það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.

## Námsmat

Felst í umsögnum á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framförum og hegðun nemenda.

Kennari framkvæmir stöðumat til að fylgjast með stöðu nemenda auk þess að geta fylgst með hvort framfarir eigi sér stað.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hreyfipjálfun sem felst í leikjum með og án bolta, færni, þol og styrkur. Stöðvapjálfun.	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlist jákvæða reynslu til hreyfingar og hollra lífshátta.</li> <li>• þjálfist í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skriða, hoppa, kasta, rúlla, rekja og snerta.</li> <li>• geti gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi, sjón, heyrn, snertingu, vöðva og liðamótaskyn ýmist með eða án áhalda.</li> <li>• geti sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í boltaleikjum.</li> <li>• efli þol og þrek nemenda í gegnum leik og leikrænar æfingar</li> <li>• að kynnast helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru.</li> </ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

Markviss hreyfipjálfun sem felst í að efla líkamlega þætti eins og þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk og jafnvægi til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag, liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfivíddar í liðamótum.

Grunnþjálfun sem þessi felst í fjölbreyttum leikjum með og án bolta. Vinna sem einstaklingar, pör og hópur. Stöðvaþjálfun og hópavinna einnig algengt kennsluform.

## Námsefni

Útiþróttir: Gönguferðir, leikir með og án bolta og hreyfiprautir.

Inniþróttir: Áhöld sem þarf fyrir það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.

## Námsmat

Felst í umsögnum á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framförum og hegðun nemenda.

Kennari framkvæmir stöðumat til að fylgjast með stöðu nemenda auk þess að geta fylgst með hvort framfarir eigi sér stað.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hreyfipjálfun sem felst í leikjum með og án bolta, færni, þol og styrkur. Stöðvaþjálfun.	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlist jákvæða reynslu til hreyfingar og hollra lífshátta.</li> <li>• þjálfist í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skríða, hoppa, kasta, rúlla, rekja og snerta.</li> <li>• geti gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi, sjón, heyrn, snertingu, vöðva og liðamótaskyn ýmist með eða án áhalds.</li> <li>• geti sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í boltaleikjum.</li> <li>• efli þol og þrek nemenda í gegnum leik og leikrænar æfingar</li> <li>• að kynnast helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru.</li> </ul>



## Kennsluaðferðir og skipulag

Sundkennsla fer fram í sundlauginni á Laugum. Kenni í námskeiðsformi að hausti og vori. Áhersla lögð fyrst og fremst á að nemendum líði vel í vatni, flot, lega, köfun, spyrnur, stungur, bringu – og skriðsundstök.

## Námsefni

Stuðst við 1., 2. og 3. sundstig.

## Námshmat

Verklegt próf samkvæmt sundstigi undir lok vors. Kennari gefur nemanda vitnisburð sem inniheldur sundgetu á prófi og einnig um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
<p><b>1.bekkur</b> Leikur í vatni, aðlögun og flotæfingar. Skriðsundsfótatök, baksundfótatök, köfun eftir áhaldi, spyrnur og stungur.</p> <p><b>2 og 3. bekkur:</b> Leikur í vatni, aðlögun og flotæfingar. Skriðsundsfótatök, baksundfótatök, bringusundsfótatök, skólabaksundsfótatök, spyrnur, stungur og stungur.</p>	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlist jákvæða reynslu af sundi, sundlaugum og sundstöðum.</li> <li>• geti kafað, velt sér af kvið á bak og tekið þátt í leikjum í vatni.</li> <li>• geti flotið og slakað á í vatni.</li> <li>• geti synt fótatök í skriðsundi og baksundi með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.</li> <li>• fari eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa.</li> </ul>



## Kennsluaðferðir og skipulag

Sundkennsla fer fram í sundlauginni á Laugum. Kenni í námskeiðsformi að hausti og vori. Áhersla lögð fyrst og fremst á að nemendum líði vel í vatni, flot, lega, stungur, spyrnur, köfun og byrji að synda skriðsund og bringusund.

## Námsefni

4. sundstig fyrir 4.bekk.

## Námsmat

Verklegt próf samkvæmt sundstigi undir lok vors. Kennari gefur nemanda vitnisburð sem inniheldur sundgetu á prófi og einnig um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
<b>4.bekkur:</b> Leikur í vatni, spyrnur, stungur bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund og köfun eftur gjörð.	Markmiðið er að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>• öðlist jákvæða reynslu af sundi, sundlaugum og sundstöðum.</li><li>• geti kafað, velt sér af kvið á bak og tekið þátt í leikjum í vatni.</li><li>• geti flotið og slakað á í vatni.</li><li>• geti synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir. Líkamsvitund.</li><li>• fari eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa.</li></ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

List og verkgreinar eru kenndar í lotum. Nemendur eru eina önn í smíðum, tvisvar sinnum í viku, 60 mínútur í senn.

Markmið námsins er meðal annars að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Nemendur koma á báðum önnum í smíðar ca 4 vikur í senn, tvisvar sinnum í viku, 60 í mínútur.

## Námsmat

Vinnubrögð (áhugi, vinnusemi) metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum.

Hvert verkefni sem kennari leggur fyrir er metið sérstaklega og vinnuferli þess. Nemendum er gefin umsögn í lok hverrar annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Handverk	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"><li>• Notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</li></ul>
Hönnun og tækni	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"><li>• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</li></ul>
umhverfi	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"><li>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</li><li>• beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.</li></ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

Markmið námsins er meðal annars að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

List og verkgreinar eru kenndar í lotum. Nemendur koma á báðum önnum í smíðar ca 4 vikur í senn, tvisvar sinnum í viku, 60 í mínútur.

## Námsmat

Vinnubrögð (áhugi, vinnusemi) metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum.

Hvert verkefni sem kennari leggur fyrir er metið sérstaklega og vinnuferli þess. Nemendum er gefin umsögn í lok hvernar annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Handverk	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</li> <li>• hafi öðlast smá innsýn hvað varðar þau smíðaefni sem notuð eru og af hverju þau eru notuð frekar en önnur.</li> </ul>
Hönnun og tækni	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</li> <li>• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á formið og útlit.</li> </ul>
umhverfi	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</li> <li>• valið efni út frá umhverfissjónarmiðum.</li> <li>• beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.</li> </ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

List og verkgreinar eru kenndar í lotum. Nemendur eru eina önn í myndmennt, tvisvar sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Lögð eru inn ákveðin verkefni sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka.

## Námsefni

Lagt upp úr því að nemendur útfæri þau verkefni sem við erum í á hverjum tíma. Áhersla lögð á æfingu fínhreyfinga, áhrif lita og notkun á formum. Samhliða kennd og þjálfuð notkun áhalda, tækja og efna sem notuð eru við verkefnin. Rætt er um ólíka listamenn og áhrif lista og hönnunar á okkar daglega líf.

## Námsmat

Nemendur fá umsögn fyrir vinnusemi, áhuga og þau verk sem unnin eru. Nemendur fá einnig umsögn fyrir vandvirkni, frágang og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Skapandi vinnuferli og hugmyndavinna	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"><li>þekkt og notað hugtök í myndlist.</li><li>notað hugmyndaflugið á frjálsan hátt</li></ul>
Unnið með mismunandi efnivið og liti.	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"><li>skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og efniviði.</li></ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag

List og verkgreinar eru kenndar í lotum. Nemendur eru í fjórar vikur í textílmennt á vorönn, tvisvar sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Kennd eru vinnubrögð og aðferðir sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir í verkefnum sem unnin eru.

## Námsmat

Vinnubrögð metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum. Umsögn að lokinni lotu.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Handverk aðferðir og tækni	<p>Nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</li> <li>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li> <li>• unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</li> </ul>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>Nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</li> <li>• skreytt textívinnu á einfaldan hátt</li> <li>• gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</li> </ul>
Menning og umhverfi	<p>Nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</li> <li>• sagt frá nokkrum tegundum textílefna</li> <li>• fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athana og tilefna</li> <li>• notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</li> </ul>

Kennsluaðferðir og skipulag

List og verkgreinar eru kenndar í lotum. Nemendur eru fjórar vikur á haustönn í heimilisfræði, tvisvar sinnum í viku, 60 mínútur í senn. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð.

Námsmat

Vinnubrögð metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum. Umsögn að lokinni lotu.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Matur og lífshættir	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,</li> <li>• farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,</li> </ul>
Matur og vinnubrögð	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir</li> <li>• farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld,</li> <li>• sagt frá helstu hættum sem fylgja í eldhúsi</li> <li>• nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir</li> </ul>
Matur og umhverfi	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið einfaldar umbúðamerkingar</li> </ul>
Matur og menning	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald,</li> <li>• þekki helstu hátíðir íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat,</li> </ul>

## Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Vinnan fer fram á mismunandi svæðum, í heimastofum, námsverum eða á skólabókasafni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Vinnulag og vinnubrögð	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,</li> <li>• gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> <li>• beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu,</li> </ul>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>• nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna</li> </ul>
Tækni og búnaður	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti notað forrit við einföld ritunarverkefni</li> <li>• læri að nota snjalltæki og tölvur</li> </ul>
Sköpun og miðlun	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað forrit/hugbúnað við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.</li> </ul>
Siðferði og öryggismál	Nemandi geti... <ul style="list-style-type: none"> <li>• Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.</li> </ul>